



Reglur um Vinnuskóla Vestmannaeyja

Vinnuskóli barna

Vinnuskóli er starfræktur frá júní til ágúst og er í boði fyrir öll börn í 7., 8., 9. og 10. bekk grunnskóla sem eru með lögheimili í Vestmannaeyjum.

Vinnan

- Flokkstjóri er yfirmaður hvers vinnuhóps og ber unglingum að fara eftir fyrirmælum og leiðbeiningum hans og stunda vinnu sína af samviskusemi.
- Flokkstjóri ber að fylgja sínum hóp á allan vinnudaginn og þ.m.t. kaffitíma. Honum er ekki heimilt að skilja unglingana eftir eftirlitslausa.
- Flokkstjórar merkja við alla þá sem mæta til vinnu.

Stundvísi

- Öllum starfsmönnum Vinnuskólans ber að mæta stundvíslega.
- Ef sækja þarf um leyfi eða tilkynna veikindi skal tala við viðkomandi flokkstjóra.
- Veikindi skulu ávalt vera tilkynnt símleiðis af forráðarmönnum fyrir klukkan 8:30 á morgnanna.

Reglusemi

- Öll notkun tóbaks er bönnuð á vinnutíma, þ.m.t. í kaffitíma.
- Símanotkun er bönnuð á meðan vinnutíma stendur.
- Fara skal vel með eigur Vinnuskólans og bera virðingu fyrir eigum annarra.

Fatnaður

- Vinnuskólinn leggur ekki til vinnufatnað annað en öryggisvesti.
- Engin ábyrgð er tekin á fötum eða öðrum hlutum starfsmanna.
- Mæta skal í viðeigandi fatnaði til útiveru eftir veðri hverju sinni.



Markmið Vinnuskólans

Markmið vinnuskólans er að undirbúa unglingana í vinnu áður en haldið er út á hinn almenna vinnumarkað. Vinnuskólinn er þó ekki einungis vinna heldur er einhver tilbreyting innifalin í skólanum, eins og í öðrum skólum. Unglingum gefst kostur á að vinna og fræðast í sumarleyfinu frá skólanum ásamt því að fegra og snyrta bæinn okkar. Unglingum er einnig kennd fagleg vinnubrögð og meðferð verkfæra. Mikið er lagt upp úr stundvísi og aga á vinnustað ásamt því að bera virðingu fyrir bænum okkar.

Almennar kröfur til unglina í Vinnuskólanum

Þegar unglingur skráir sig í Vinnuskólann er litið svo á að hann sé að sýna áhuga á að taka þátt í starfinu hjá okkur. Honum ber að vinna þau verkefni sem honum eru falin án þess að stöðugt þurfi að ganga eftir því að hann haldi sig að verki. Þá ber honum einnig að sýna öllum samstarfsmönnum sínum, flokkstjórum og yfirmönnum Vinnuskólans, svo og öllum bæjarbúum fyllstu kurteisi þegar hann er við vinnu. Brjótí nemandi vinnuskólans vísitandi reglur getur flokkstjóri áminnt nemandann og verkstjóri vísað nemanda tímabundið úr vinnu. Endanleg brottvikning er í höndum vinnuskólastjóra í samráði við verkstjóra og flokkstjóra. Ef um alvarlegt brot er að ræða getur nemandi verið vísað úr Vinnuskólanum á staðnum. Haft er samband við foreldra ef nemandi er vísað úr vinnu tímabundið eða endanlega.

F.h. Vinnuskóla Vestmannaeyjabæjar

Eyrún Haraldsdóttir, eyrunharalds@vestmannaeyjar.is